

Atvinnuþróunarfélag
Eyjafjarðar b.s.
Ársreikningur 2017

Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar b.s.
Hafnarstræti 91
600 Akureyri

Kt. 551298-2729

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Félaginu er ætlað að vera leiðandi afl í uppbyggingu atvinnu og þróunar á Eyjafjarðarsvæðinu.

Hagnaður varð á rekstri félagsins á árinu 2017 að fjárhæð 1.050 þús. kr. Bókfært eigið fé félagsins í árslok nam 3.833 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum. Ársverk á reikningsárinu voru 4.

Stjórn og framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar b.s. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2017 og staðfest hann með undirritun sinni.

Akureyri, 30/4 2018.

Í stjórn félagsins:

Munir Þ.
Dörum Sif Hæðard.
Drofnir Þriðjungur
Harri E. Bjarnason
Stjórnun U. E.

Framkvæmdastjóri:

Sigrún Ólafsson

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar b.s.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar b.s. („félagið“) fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2017 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akureyri, 30. 4. 2018.

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur árið 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrartekjur			
Rekstrarframlög sveitarfélaga		41.163.540	34.069.842
Rekstrarframlög Byggðastofnunar		18.889.000	17.888.000
Framlög vegna svæðisskipulags		3.492.228	0
Önnur framlög		1.000.000	2.375.000
Seld þjónusta		1.813.000	0
Aðrar tekjur		0	59.601
		<u>66.357.768</u>	<u>54.392.443</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	45.892.338	45.973.941
Verkefni og þjónusta		2.137.211	1.319.149
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		10.309.316	13.357.185
Gjöld vegna svæðisskipulags		3.446.428	45.800
Annar rekstrarkostnaður		3.666.590	4.177.063
Afskriftir		0	190.589
		<u>65.451.883</u>	<u>65.063.727</u>
Rekstrarhagnaður (-táp) fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		905.885	(10.671.284)
Vaxtatekjur		164.799	233.927
Vaxtagjöld		(20.187)	(42.295)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		<u>144.612</u>	<u>191.632</u>
Rekstrarniðurstaða ársins	5	<u>1.050.497</u>	(10.479.652)

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	Skýr.	2017	2016
Eignir			
Eignarhlutir í öðrum félögum	4	1.780.000	750.000
Fastafjármunir samtals		<u>1.780.000</u>	<u>750.000</u>
Óinnheimtar tekjur		647.589	251.000
Aðrar skammtímaskröfur		1.222.358	625.514
Handbært fé		12.601.062	11.305.542
Veltufjármunir samtals		<u>14.471.009</u>	<u>12.182.056</u>
Eignir samtals		<u>16.251.009</u>	<u>12.932.056</u>
Eigið fé			
Eiginfjárreikningur		3.832.545	2.782.048
Eigið fé samtals	5	<u>3.832.545</u>	<u>2.782.048</u>
Skammtímaskuldir			
Skuld við uppbyggingarsjóð		0	660.296
Aðrar skammtímaskuldir		9.210.692	9.489.712
Fyrirframinnheimtar tekjur		3.207.772	0
Skuldir samtals		<u>12.418.464</u>	<u>10.150.008</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>16.251.009</u>	<u>12.932.056</u>

Skýringar

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Reikningsskilaaðferðir

a. Innlaun tekna

Félagið er að stærstum hluta fjármagnað með framlögum aðildarsveitarfélaga og eru framlögin miðuð við íbúatölu þeirra 1. desember 2016. Félagið fær fast framlag frá Bygðastofnun og einnig styrki til atvinnuþróunarverkefna á starfssvæði sínu samkvæmt samningum við Bygðastofnun.

b. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður í ársreikningnum um 1,0 millj. kr. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreykingur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

c. Handbært fé

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2017	2016
Laun	35.295.613	37.152.326
Launatengd gjöld	10.303.515	9.589.014
Viðbótarframlag í Brú lífeyrissjóð	293.210	0
Endurgreiðslur	0	(767.399)
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>45.892.338</u>	<u>45.973.941</u>
Fjöldi starfsmanna að meðaltali	4	4

4. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinst þannig:

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Dysnes Þróunarfélag ehf.	16,67%	2.000.000	2.000.000
GáF ehf.	50,00%	5.650.000	500.000
Þekkingarvörður ehf.	1,00%	30.000	30.000
			<u>2.530.000</u>
Niðurfærsla eignarhluta			(750.000)
Eignarhlutir í öðrum félögum í árslok			<u>1.780.000</u>

5. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 1.1.2017	2.782.048
Rekstrarniðurstaða ársins	1.050.497
Eigið fé 31.12.2017	<u>3.832.545</u>

Skýringar, frh.:

6. Önnur mál

Félagið hefur tekið á leigu aðstöðu að Hafnarstræti 91 á Akureyri fyrir starfsemi sína og gildir leigusamningurinn til 30. september 2021. Leigugreiðslur vegna þessa samnings eru verðtryggðar með vísitölu neysluverðs og nemur árleg leiga 2.577 þús. kr. á verðlagi í janúar 2018.

Samningur Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar b.s. við Byggðastofnun um atvinnu- og byggðapróun rann út í árslok 2017. Nýr samningur var undirritaður í janúar 2018.